



# Morgunblaðið 11. Júní 1937: Öll vitni gegn Forsætisráðherra

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Alþýðublaðið – Ólafur Thors – Hermann Jónasson  
Erlingur Pálsson – Kristján Kristjánsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-1, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# ÖLL VITNIN GEGN FORSÆTISRÁÐHERRA

## Fullkomnar sannanir um vísvitandi ósannindi hans

Erlingur Pálsson skýrir  
frá fyrirætlunum Her-  
manns í nóv. 1932

**F**ramburður vitna þeirra, sem Hermann Jónasson ljet kalla fyrir lögreglurjett af því að honum var kunnugt um að þeir vissu sannleikann í málinu, hljóta að vekja óskifta athygli manna, bæði hjer og um alt land. Þessir menn eru hinn setti rannsóknardómari, Kristján Kristjánsson, sem hafði valdið til að ákveða um, hverja taka skyldi fasta og yfirleitt um rekstur málsins. Erlingur Pálsson yfirlöggluþjónn, sem varð að sjá um það ásamt lögglu- stjóranum, Hermann Jónassyni, að lögglu- væri nógu öflug til þess að gæta öryggis í bænum og framkvæma þau verk, sem gera þyrfti í sam- bandi við rekstur málsins.

Og loks voru svo þeir þrjú löggluþjónar, sem kvaddir höfðu verið til þess, að vinna að undirbúningi liðssöfnunar þeirrar, sem löggluþjóri hafði ákveðið, vafalaust með samþykki yfirmanns þessara mála, dómsmálaráðherr- ans, sem m. a. varð að héra ábyrgð á kostnaði við slíka ráðstöfun.

Allar þessar ráðstafanir voru í sjálfu sjer eðlilegar eins og á stöð, og alveg í samræmi við það, sem gert var bæði eftir 30. des. 1930 og 7. júlí 1932, þegar svipuð, en miklu minni uppþot höfðu orðið hjer í bænum.

### Það sem Hermann vildi sanna.

Það sem hjer er óvenjulegt er aðeins það, að Hermann Jón- asson, sami maðurinn, sem var löggluþjóri þegar þetta gerð- iet, hefir nú berríð þær sakir á þáverandi dómsmálaráðherra, Ólaf Thors, að hann hafi beitt einhverjum þvingunum við þá, sem að málinu stöðu, bæði rann- sóknardómara og yfirmenn lögglunnar.

Hann á að hafa krafist þess að liði yrði safnað, 20—30 menn yrði handteknir og þeim varpað í fangelsi og þar á með- al leiðtogar Alþýðuflokksins.

Verður síðar komið að þess- ari pólitísku hlið á málinu. En hjer verður nú að athuga, hvað vitnin sögðu um þær sakir, sem Hermann ber hjer á Ólaf Thors. Hermann hefir sjálfur fyrir- fram bundið sig enn fastar við framburð þeirra með því að segja í skeyti til Ólafs Thors, að þetta sjeu mennirnir, sem viti hið rjetta í málinu. Hvað segja vitnin?

En hvornig gagnast svo Her- manni vitnisburðirnir.

Það geta menn sjeð af vitna- leiðslunum, sem eru birtar ó- breyttar hjer í blaðinu.

**Kristján Kristjánsson**, rann- sóknardómari, ber það, að viðtöl þeirra, hans og Ólafs Thors hafi aðallega verið um það, hvort hann tæki að sjer að rannsaka málið. Kveðst Kristján hafa verið ófús til þess og er það í rauninni ekki nein furða, eins og ástandið var hjer í bænum, og hótanir vofandi yfir hverjum manni, sem nálægt því kæmi. Mátti búast við miklum æsingum í sambandi við rannsókn málsins, og vill margur maður helst halda sjer utan við slíkt.

En enginn stafur eða orð er um það, að tregða hans hafi stafað af neinum óaðgengileg- um skilyrðum af Ólafs hendi. Það er þvert á móti.

**Kristján segir einmitt, að Ólafur Thors, hafi engar skip- anir gefið, hvorki um fangels- anir nje annað. Þvert á móti hafi Ólafur sagt við hann, að hann treysti honum til að fara með málið eins og hann teldi rjettast.**

Ólafur Thors setur honum sem sagt engin skilyrði, eins og vita mátti. Hann fær hann til þess að taka að sjer þetta vandasama og erfiða verk og

**10 DAGAR** eru nú eft-  
ir til kosn-  
inga.

ALÞYÐUBLAÐIÐ

RITSTJÓRI: F. R. VALDEMARSSON  
UTGEFANDI: ALÞYÐUFLOKKURINN  
XVIII. ARGANGUR FIMTUDAGINN 10. JÚNÍ 1937 130. TÖLUBLAÐ

Vinnu gegn  
vinnalöggjöf  
og gengislokk-  
un  
Kjósðu B-listann

Blekkingar  
Alþýðublaðsins.

## Vitnin staðfesta ummæli forsætisráðherra!

**Setudómariinn neitaði að framkvæma hand-  
tökurnar, sem dómsmálaráðuneytið krafðist.**  
**Ólafur Thors beitti skrifstofustjóra dóms-  
málaráðuneytisins fyrir sig og lét hann p. 15  
nóv. 1932 í vörðvist sinni helmta fangelsanir,  
til að sýna borgurum mátt ríkisvaldsins.**  
**400 manna liðið var valld eftir skrá yfir forngjallð varðar-  
félagsins og átti að mæta í Sundhöllinni snemma morguns.**  
**Heppilegast þótti, að framkvæma hand-  
tökurnar, ef tilkæmi, kl. 6-8 að morgni.**

Hjer birtist mynd af fyrir- sögnum Alþýðublaðsins í gær yfir vitnaframburðinum í Hermanns-málinu. Fyrirsagn- irnar allar í fullkomnu ó- samræmi við efni framburð- anna. Er hjer rjett mynd af málameðferð þeirra, sem stjórna „blaðandstygð“ Stef- áns Pjeturssonar, er fyrir- sagnirnar segja alt annað en efni greinanna.

felur honum alla umsjón þess!  
Hvernig gat framkoma ráð- herrans verið rjettari?

Erlingur Pálsson yfirlögglu- þjónn ber að þessu leyti alveg það sama.

Hann hefir engar fyrirskipanir frá ráðherranum beint eins og eðlilegt er, því að hann er ekki hans undirmaður, heldur að form- inu til löggluþjórans, Hermanns Jónassonar.

Liðssöfnunin var nauðsynleg ráðstöfun eins og áður, þegar svip að háfði staði á.

Og Erl. Pálsson ber það, að hún hafi farið fram að fyrirlagi lög- reggluþjóra, Hermanns Jónasson- ar. Hann hafi skipað svo fyrir að safna liði. En engar skipanir komu um það frá neinum öðrum.

Skipunarbrjefin, sem hinir nýju varalögglumenn áttu að fá, voru samin af þeim í sameiningu, Hermann og Erlingi og áttu að undirritast af þeim.

Þá var það og löggluþjórin, Hermann Jónasson, sem ljet fá leyfi til þess að nota Sundhöllina til liðssöfnunarinnar.

Erlingi ber og alveg saman við Kristján um það, að rannsóknar- dómariinn ákvað engar fangelsanir í sambandi við rannsóknina.

Löggluþjórnarnir bera allar þrjú það sama í þessu efni. Allir vissu þeir eða hugsuðu sjer, að liðssöfnunin væri út af óeirðun- um. En skipanir fengu þeir auð- vitað frá Erlingi einum, og ekki var þeim neitt kunnugt um fang- elsanir eða annað, sem til stæði.

Þetta er þá kjarni vitnafram- burðarins.  
Hvar er nú staðfestingin á því,

sem Hermann Jónasson hefir bor- ið fram gegn Ólafi Thors, að hann hafi fyrirskipað þetta?

Allir vitnisburðirnir eru alveg gagnstæðir þessu.

Þeir eru ein blýföst röksemd fyrir því, að Hermann Jónasson var sjálfur höfundur þess, sem hann segir að Ólafur Thors hafi gert, eins langt og hans embætt- issvið náði.

### Átti ekki að gæta hjer laga í nóv. 1932?

Hjer sýnist því, eftir framburði vitnanna, alt hafa verið með mjög eðlilegum hætti.

Dómsmálaráðherrann, yfirmað- ur rjettvísinnar í landinu og vörð ur laganna, gerir vitanlega ráð- stafanir til þess, að vernda þjóð- fjelagið og þegna þess gegn upp- reismannönnunum, sem voru búnir að sýna sig í því, að ganga milli bols og höfuðs á lögglunni.

En hann gerir það ekki með því, að gefa skipanir um það, sem honum kemur ekki við.

Hann snýr sjer til þeirra manna sem um þetta eiga að sjá, lögglu- stjóra og yfirmanns lögglulíðs- ins. Og hann fær mann til þess að rannsaka málið, þar sem lögglu- stjóri varð að víkja sæti.

Hann skapar þessum mönnum aðstöðu til þess að inna þessi störf af hendi. En þeir verða sjálf- ir að annast störfin.

Löggluþjórin og yfirmaður lögglulíðsins gangast fyrir því að löggluþjóri sje gerð nægilega sterk á þeim óróatíma, sem hjer var þá í bænum.

Dómariinn ákveður rannsóknar-

aðferðina, svo sem eins og það, hvort hann telji nauðsynlegt að handtaka einhverja af sökudólg- unum eins og gert var í jan. 1931 eða ekki.

En ráðherrann ákveður alveg alment, að öryggi skuli skapað í bænum og lögum komið yfir þá, sem sekir eru.

Það er talað um það í sósíalista- blaðinu eins og einhverja furðu- fregn, að skrifstofustjórin í dómsmálaráðuneytinu hafi talað um, hvort ekki þyrfti að handtaka einhverja af illræðismönnunum og sýna byltingamönnunum hvort þjóðfjelaði væri ekki öflugra en þeir.

Þessir menn höfðu hótad og reynt að framfylgja í verki þeirri hótun að meiða eða drepa bæjar- stjórnina. Þeir höfðu slasað ná- lega alla lögglumenn bæjarins og suma svo, að furða var að eng- inn skyldi láta lífið.

En samt á það að vera eitthvað undarlegt, að nokkrum manni detti í hug, að yfir þessa menn gangi það sama eins og þann ræf- il, sem staðinn er að litlu hnupli eða slíku.

Nei, það var sannarlega engin furða þó að það hefði verið rætt vandlega að taka höndum ein- hverja af þessum óbótamönnunum, og enn meiri ástæða en þegar Her- mann Jónasson ljet taka þá Guð- jón Benediktsson, Hauk Björns- son og tvo aðra í jan. 1931.

En Ólafur Thors, sem hlýddi á þessar ráðagerðir, tók alveg þá rjettu afstöðu, þegar hann leiddi þetta hjá sjer, og lagði þar ekkert

FRAMH. Á SJÓUNDU SIÐU.



## Minningarorð um frú Þóru Sigurðardóttur.



Frú Þóra Sigurðardóttir, kona Sigurðar Sigurðssonar fyrr. búnaðarmálastjóra, andaðist að heimili þeirra, Fagrahvammi í Ölfusi, þ. 4. júní. Hún verður jarðsöngin hjér frá dómkirkjunni í dag.

Frú Þóra var fædd að Grímsgerði í Fújóskadal þ. 29. nóvember 1873. Árið 1899 giftist hún Sigurði Sigurðssyni.

Börn þeirra voru 5, og dó ein dóttir á barnsaldri, Helga að nafni. En hin eru Helga kenslukona, Páll kona (Blómaversl. Flóra) og Ingimar garðyrkjumaður í Fagrahvammi. Uppeldisdóttur tóku þau, Rögnu, er átti miklu ástríki að fagna hjá fósturu sinni.

Meðan Sigurður hafði heimilin tvö, að kalla, annað á Hólum í Hjaltadal, en hitt í Ræktunarfjelagi Norðurlands á Akureyri, voru húsmóðurstörf Þóru alveg óvenjulega umsvifamikil, á veturna á skólaheimiliinu í Hjaltadal, og á sumrin í gróðrarstöðinni á Akureyri, með fjölda af námsfélki.

Æskan undi sjer vel þar sem Þóra hafði húsum að ráða, og hún andi vel hag sínum með ljetta lund og jafnaðargeð, þar sem unga fólkíð var, skildi mæta vel æskuna alla tíð. Þetta kom líka nánustu skyldmönnum hennar ákaflega vel, börnum hennar og uppeldisdóttur. Á heimili hennar ríkti góðvild til alls og allra og bjart-sýni á hvað sem fyrir kom. Hún fór aldrei í manngreinaralit. Öllum vildi hún gott gera, gleðja og styðja eftir því sem hún best gat. Þannig minnst Hólasveinar frú Þóru, sem geyma endurminningar um hina atorkusömu húsmóður, sem aldrei kunni að hlífa sjer, sem altaf stóð þar í dagsins erfiði, sem mest reyndi á, sem var alt í senn góð húsmóðir, eigin-kona, móðir og fjelagi og vinur allra þeirra fjölmörgu er áttu samleið með henni um lengri eða skemri tíma.

Um nokkur ár þjáðist frú Þóra af þungbærum sjúkdómi. Hvað eftir annað var hún svo veik, að henni var ekki hugað líf stundinni lengur. En lífsþróttur hennar var óvenjulega mikill. Hún hafði af svo miklu að taka, af lífskjark og mannkærleika. En þegar veikindin voru farin að buga hana kom það kannske hvað best í ljós, hve miklu ástríki hún átti að fagna frá manni sínum, börnum og tengda-dóttur, Emilíu Friðriksdóttur í Fagrahvammi.

## Öll vitnin gegn Hermanni.

FRAMH. AF ÞRIÐJU SÍÐU

til. Það var ekki hans sjerstaka verkefni.

Það var rannsóknardómarans að ákveða slíkt.

Það var lögreglustjórans að framkvæma það, ef dómariinn hefði ákveðið það.

Og það var yfirmanns lögregluunnar að hafa því líði á að skipa, sem var nóg til þess að koma því í kring.

### Hermann jetur ofan í sig kjarna málsins.

Það er annars einkennilegt að sjá, hvernig Hermann og sósíal-istalið hans er að draga inn seglin, samhliða því, að þeir brúka stóru orðin til þess að hylja ósigurinn.

Fyrst talar Hermann um að Ólafur hafi ætlað að draga saman 400 manna sveit (sem reyndist nú hafa verið Hermann sjálfur) og lát handtaka og varpa í fangelsi 20—30 mönnum, þar á meðal nokkrum foringjum Alþýðuflokksins.

Nánari skýringu á þessu gaf þar svo Jónas Jónsson í Tímadilk-inum, þar sem hann sagði að Ólafur hefði ætlað að láta vaða inn í svefnherbergi þeirra Jóns Baldvínssonar, Stefáns Jóhanns, Haralds Guðmundssonar (væntanlega austur á Seyðisfirði!), vekja þá af værum svefni og varpa þeim í hin ystu myrkur Sundhallarkjallarans, þar sem engum manni sje líft, og sennilega láta þá dusa þar þangað til þeir væru allir dauðir!

En nú er alveg búið að draga þessi breiðu segl inn. Í brjefi því frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem lögreglustjóra er skipað að taka vitnaskýrsluna, er aðeins talað um „fangelsun nokkurra manna, sem talið var, að staðið hefðu að fyrnefndum óeirðum“.

Með þessu er þá forsætisráðherra búið að jeta ofan í sig aðalkjarnann í því, sem Alþýðublaðið hafði eftir honum og hann staðfest með svarskeyti sínu til Ólafs Thors, sem sje fangelsun „nokkurra leiðtoga Alþýðuflokksins“. PÓLÍTÍSKI BLÆRINN, SEM VAR UPPHAFLEGA AÐALATRÍÐIÐ, ER HJER ALVEG HORFINN, en eftir er aðeins venjuleg ráðstöfun, sem rjettvís-in gerir til þess að koma lögum yfir lögbrotamenn.

En þetta er mjög merkilegt atriði, að í brjefi dómsmálaráðuneytisins skuli Hermann Jónasson þegar láta taka aftur kjarnann í því, sem hann sagði á Hólmavík.

Og í rjettarpröfunum er svo aldrei minst á þessa hlið málsins, fremtr en hún væri alls ekki til!

Öll þessi saga Hermanns Jónassonar er sprottin upp af þessum pólitíska kjarna. Það er hann, sem kemur henni af stað.

Það er tilraunin til þess að sanna „einræðisöngun“ Ólafs Thors, sem verður til þess að sagan er samin yfirleitt.

Annars var hún einskis virði. Það var engin saga á pólitískum fundum, að yfirvöld bæjarisns hafi verið að gera ráðstafanir gegn lögbriótum.

Þetta hefir Jónas frá Hriflu fundið, þegar hann tók rófunu af boðskap Hermanns, þetta um „nokkra af foringjum Alþýðuflokksins“, og gerði úr henni heila máltíð. Hann fann að pólitíska maturinn var fölginn í fangelsun þeirra Jóns Baldvínssonar, Stefáns Jóhanns og Haralds Guðmundssonar, og kvaladauða þeirra í köldum kjallara Sundhallarinnar!

Hann gætti þess bara ekki, að með þessu var hann að gera alt málið að „gríni fyrir fólkíð“.

Þegar svo Hermann klippir þessa rófu af reyfaranum sínum, þá er hann í raun og veru að eta ofan í sig allan matinn, sem hann vildi gera sjer úr sögunni.

### Smærri atriðin.

Hvað stendur svo eftir af reyfarasögu Hermanns?

Það er alt vandlega talið upp í varnarmálgagni Hermanns, Alþýðublaðinu.

Það er sú staðreynd, að undirbúningur var um liðsöfnun — að skipun Hermanns Jónassonar.

Að Sundhöllin var fengin — að boði sama Hermanns Jónassonar.

Að ef fangelsun einhverra lögbrióta yrði úrskurðuð af dómaranum, þá væri hentugast að hún færi fram, ekki endilega kl. 6, heldur kl. 6—8, til þess að þeir væri ekki alveg eins syfjaðir.

Að ýmisleg hjálpargögn voru notuð við að finna menn til aðstoðar lögreglunni. En ekki ber þó saman hver þau voru.

En missagnir eru þó meðfram í frásögninni, þó að þær verði ekki taldar hjér.

Aðalatriðið er alveg skýrt fyrir hverjum, sem kann að lesa:

Hermann Jónasson forsætisráðherra hefir verið staðinn að ósannindum, og hann hefir ósannindum, og HANN HEFIR SJÁLFUR GERT ÞÆR RÁÐSTAFANIR, SEM ÞURFTI TIL ÞESS AÐ FÁ ÞANN DÖM UM SJÁLFAN HANN STAÐFESTAN FYRIR RJETTI!

Fimtugsafmæli á Jón Jónsson, Engey, Vestmannaeyjum 13. þ.m.

E-listinn er listi Sjálfstæðisflokksins.

## Tilbúinn áburður.

Þeir sem eiga ósöttan áburð hjá oss, sjerstaklega Nitrophoska og garðáburð, eru beðnir að sækja pantanir sínar fyrir 15. þ. m.

Eftir þann tíma verður áburðurinn seldur öðrum, sem kunna að hafa þörf fyrir hann.

Áburðarsala ríkisins.


## Bókmentafjelagið Aðalfundur

verður haldinn fimtudaginn 17. júní næstkomandi, kl. 9 síðdegis, í lestrarsal Landsbókasafnsins.

### DAGSKRÁ:

1. Skýrt frá hag fjelagsins og lagðir fram til úrskurðar og samþykta rekningar þess fyrir árið 1936.
2. Kosnir tveir endurskoðunarmenn.
3. Rætt og ályktað um önnur mál, er upp kunna að verða borin.

GUÐM. FINNBOGASON  
p. t. forseti.



## Bifreiðastjórar!

Gargoyle Mobiloils er bifreiðaoil, sem langmest er notuð hér á landi

Vacuum Oil Company  
aðalumboð fyrir Ísland.

## H. Benediktsson & Co.

## Fjelag sjálfstæðra drengja.

Fundur í kvöld kl. 8.30 í Varðarhúsinu. Stjórnin.

Vegna jarðarfara verður skrifstofum mínum lokað á morgun 12. þ. m. allan daginn. Þóroddur Jónsson.

## Áætlunarferðir austur að Sogi

Ferðir að LJÓSAFOSSI á sunnudögum kl. 10 árd. og kl. 9 síð., þriðjudögum og fimtudögum kl. 10 árd., laugardögum kl. 10 árd. og kl. 6 síðd.

Á laugardögum og sunnudögum verður farið að veiðistaðnum við KALDÁRHÖFÐA.

## Bifreiðastöð Íslands.

Sími 1540, þrjár línur.

### Skipstjóra- og stýrimannafjelagið

# ÆGIR

heldur aðalfund í kvöld klukkan 8 í K. R.-húsinu, uppi. STJÓRNIN.